

## Auglýsing um styrki vegna óstaðbundinna starfa

### Um framlögin

Ríkisstjórnin og Alþingi hafa markað þá stefnu að til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Aðgerð B.7 á byggðaaáætlun, *Óstaðbundin störf*, er ætlað að stuðla að framfylgd þessarar stefnu. Aðgerðin er byggðaaðgerð og markmið hennar er að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni. Aðgerðinni er ætlað hækka hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins á landsbyggðinni og styrkja þannig búsetu í byggðum landsins. Aðgerðin felur því ekki í sér flutning starfa út fyrir landsteinana, né heldur flutning starfa af landsbyggð á höfuðborgarsvæði.

Vegna þessa ákvað innviðaráðherra í október 2024 að veita allt að 150 milljónum króna af byggðaaáætlun til að fjölga ríkisstörfum utan höfuðborgarsvæðisins með styrkjum til ríkisstofnana sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu. Nú bætast við framlög vegna ríkisstofnana sem eru með starfsemi bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins.

### Framlög skiptast í tvennt:

- Framlög til ríkisstofnana með höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu vegna starfa sem staðsett verða utan þess svæðisins. Hægt er að sækja um styrki vegna starfa sem ráðið verður í utan höfuðborgarsvæðisins eða færð verða frá höfuðborgarsvæðinu.
  - Ferðakostnaðar vegna viðveru í höfuðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu
    - Við úrvinnslu er litið til upplýsinga um áætlaðan fjölda ferða og hvar starfsmaðurinn er staðsettur.
  - Kostnaðar vegna leigu á starfsaðstöðu í vinnustaðaklasa.
    - Hámarksstyrkur er kr. 650.000 á ári. Ekki er greidd leiga fyrir starfsaðstöðu á heimili starfsfólks.
- Framlög til ríkisstofnana sem eru með starfsemi bæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins vegna starfa sem flutt verða af höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. maí 2026.
  - Ferðakostnaðar vegna viðveru í höfuðstöðvum
    - Við úrvinnslu er litið til upplýsinga um áætlaðan fjölda ferða og hvar starfsmaðurinn er staðsettur.
  - Kostnaðar vegna leigu á starfsaðstöðu í vinnustaðaklasa
    - Hámarksstyrkur er kr. 650.000 á ári. Ekki er greidd leiga fyrir starfsaðstöðu á heimili starfsfólks.

Ekki verða veittir styrkir vegna tímabundinnar fjarvinnu eða blandingstarfs, þ.e. starf sem unnið er bæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins.

Heimilt er að veita styrki til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Árleg hámarksfjárhæð vegna hvers starfs er tvær milljónir króna.

### Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um hvar aðsetur starfsmanns verður, kostnaðaráætlun vegna viðveru í höfuðstöðvum og leigusamningur vegna starfsaðstöðu. Skilgreina þarf í upphafi hvernig fyrirkomulagi ferða starfsmanns í höfuðstöðvar eða á milli starfsstöðva verður háttað með tilliti til kostnaðar og tíðni.

Gögn sem þarf að fylgja umsókn:

- Leigusamningur vegna starfsaðstöðu (eða drög að honum).
- Yfirlýsing stofnunar um ráðningu starfsmanns í óstaðbundið starf.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Rafrænt umsóknareyðublað má nálgast [hér](#).

Áætlaður afgreiðslutími umsókna er 15 virkir dagar. Byggðastofnun annast fyrir hönd innviðaráðherra samningsgerð við styrkþega og umsýslu með greiðslum.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, [sigridur@byggdastofnun.is](mailto:sigridur@byggdastofnun.is) og Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði, [sigurdur@byggdastofnun.is](mailto:sigurdur@byggdastofnun.is).

DRÖG